

Fundargerð 108. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 18. ágúst 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Þórhallur Arason, varastjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjóla Hrund Björnsdóttir var fjarverandi.

Inná fund undir lið nr. 2 komu Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri ÞK og Ingi K. Magnússon frá Ríkisendurskoðun.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársskýrsla og ársreikningur 2015*

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri ÞK kom inn á fund stjórnar undir þessum lið ásamt Inga K. Magnússyni frá Ríkisendurskoðun.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning félagsins og skýrði frá helstu þáttum.

Stjórnarformaður bar ársreikning félagsins upp til samþykktar og samþykkti stjórn hann samhljóða.

3. *Tillögur að framtíðarskipan*

Tillögur að framtíðarskipan félagsins og framtíðartækifærum svæðisins var rædd.

Stjórn ákvað að taka þetta mál upp aftur á næsta stjórnarfundum.

4. *Sala eigna - staða*

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála er varðar sölu eigna.

5. *Innheimtumál*

Stjórn frestaði þessu máli til næsta fundar.

6. *Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í september nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15

